



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2026

VITA2VT05

Kennari	Guðbjörg Jónatansdóttir - gudbjorg.jonatansdottir@fss.is Rósa Guðmundsdóttir – rosa.gudmundsdottir@fss.is Ægir Karl Ægisson - aegir.aegisson@fss.is	 	
Viðtalstími	Guðbjörg Jónatansdóttir - Fimmtudögum 10.10 - 10.50 Rósa Guðmundsdóttir – Fimmtudögum 9:20 – 10:00 Ægir Karl Ægisson - Mánudögum 10:25-11:05		
Námsefni	Efni og verkefni frá kennara		
Áfangalýsing	Í áfanganum kynnst nemendur aðferðum og vinnubrögðum sem nýtast þeim í námi. Vinnubrögð við ritsmíðar, rannsóknir og heimildavinnu eru kennd og þjálfuð. Tjáning í viðum skilningi og aðferðir sem miða að því að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun og miðlun hennar eru markvisst notaðar. Þá er farið í helstu þætti námstækni.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Notast verður við fjölbreyttar námsmatsaðferðir. Í því felst m.a. verkefnavinna, bæði munnleg og skrifleg, ræður og kynningar. Notast er við leiðsagnarmat og jafningjamat og þátttaka í tímum er metin. Ætlast er til að verkefnum sé skilað á réttum tíma. Ekki er hægt að skila verkefnum sem gilda í miðannarmat eftir að það hefur verið gert opinbert. Skilyrði til að ná áfanganum er að stóru ritgerðinni sé skilað og að nemandi haldi a.m.k. 7 af 8 ræðum. Vinnueinkunn áfangans þarf að vera 4,5 eða hærra.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi	
Tjáning	20%		
Kynningar	10%		
Ritgerð	20%		
Ýmis verkefni	50%		
Reglur áfanga	Slökkt skal vera á farsísum í kennslustundum nema þeirra sé þörf. Ef nemandi verður uppvís að því að skila verkefni sem annar nemandi hefur unnið þá fá báðir nemendur 0 í einkunn.		

Annað sem kennari vill láta koma fram	Ætlast er til að nemendur mæti í allar kennslustundir og geri þau verkefni sem unnin eru á hverjum tíma. Athugið að nemendur þurfa að vera með tölvur til að vinna verkefni.
--	---

Grunnpættir menntunar	Þessi áfangi snertir grunnþætti menntunar með óvenju heildstæðum hætti, enda er hann hannaður til að styrkja almenna námsfærni og borgaravitund nemenda. Læsi í víðum skilningi er kjarni áfangans – nemendur þjálfast í ritmálsæsi með heimildaritgerðum, í munnlegu læsi með átta ræðum og kynningum, í upplýsingalæsi með heimildaleit og mati á heimildum (þ.m.t. Wikipedia og Turnitin), og í miðlalæsi með kvikmyndagagnrýni, hlaðvarpsvinnu og umfjöllun um gervigreind. Þeir læra að tjá sig á skýran, blæbrigðaríkan og rökstuddan hátt í ræðu og riti – einmitt það meginmarkmið læsis að nemendur séu virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast skapandi við því sem þeir lesa. Lýðræði og mannréttindi eru fléttuð inn í áfangann með áherslunni á gagnrýna hugsun, málefnalegar umræður og virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Sérstaklega kemur þetta fram í verkefninu „með og móti“ þar sem nemendur þurfa að setja sig í spor annarra, tjá rökstudda afstöðu og útskýra sjónarmið. Þetta er undirstaða lýðræðislegs hugsunarháttar og þeirrar færni að taka þátt í opnum samfélagsumræðum með virðingu. Áhersla á heimildanotkun og varnir gegn ritstuldi (Turnitin) styður jafnframt við siðferðislega ábyrgð og virðingu fyrir hugverkum annarra. Sköpun birtist í þeirri fjölbreyttu framsetningu sem áfanginn býður upp á – ræður um valin efni, kvikmyndagagnrýni, hlaðvarp, veggspjaldagerð, Padlet-kynningar og umfjöllun um gervigreind. Nemendur fá rými til að móta eigin framsetningu og prófa sig áfram með ólíka miðla, sem styður sköpunarferlið og hagnýta hugsun. Áhersla á að nýta uppbyggilega gagnrýni annarra til betrumbóta styður sköpun sem ítrekað ferli. Heilbrigði og velferð koma inn í gegnum áherslu á námstækni, skipulag og tímastjórnun – grunnur að andlegri vellíðan í námi. Nemendur læra að setja sér markmið, búa til áætlanir og beita aðferðum sem draga úr álagi í krefjandi námsaðstæðum. Það að þora að standa upp og halda ræður byggir einnig undir jákvæða sjálfsmynd og sjálfstraust, sem eru lykilþættir andlegs heilbrigðis. Jafnrétti er stutt með því að allir nemendur fá jöfn tækifæri til að þjálfá þessa grunnfærni, óháð bakgrunni eða fyrri reynslu, og með áherslu á virðingu fyrir ólíkum skoðunum og sjónarmiðum. Sjálfbærni kemur óbeint inn í gegnum efnisval í ræðum og verkefnum þar sem nemendur eru frjálssir að taka fyrir samfélags- og umhverfismál sem þá varðar.
------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • Helstu reglum við ritgerðasmíð, rannsóknir og heimildavinnu • Helstu einkunnum tungumálsins við flutning efnis. • Mikilvægi skipulags og tímastjórnunar í námi • Lestrar og glósutækni	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • ganga frá heimildaritgerðum og hvers kyns texta • nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrumbóta • tjá sig munnlega og skriflega með markvissum og skýrum hætti • beita aðferðum námstækni í námi sínu
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • skrifa vel uppbyggðan texta og beita málinu á viðeigandi hátt við mismunandi aðstæður í ræðu og riti • beita blæbrigðaríku máli við flutning á ýmiss konar efni • taka virkan þátt í málefnalegum umræðum, tjá rökstudda afstöðu og útskýra sjónarmið • virða ólík sjónarmið og skoðanir annarra	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. tíma	16 vikur x 4 tímar x 20 mín	21 klst.
Undirbúningur f. ræður	7 x 2 klst.	14 klst.
Ritgerð	16 klst.	16 klst.
Alls		115 klst. = 5 ein

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19.-21. ágúst	Kynningar nemenda á sessunaut Hvernig á að undirbúa ræður? Hvað er námstækni?	1. ræða 1. mín (Hlutur)
2. vika 24.-28. ágúst	Áætlanagerð Minnisaðferðir Hugtakakort Þankahríð, fyrirsögn, frásögn	2. ræða 1. mín (Fyrirmynd)
3. vika 31. ágúst-4. september	Word – heimildaleit, Wikipedia, heimildaskráning, tilvísanir	
4. vika 7.-11. september	Word – efnisyfirlit, blaðsíðutal, forsíða afmörkun efnis, rannsóknarspurning, heiti ritgerða Stutt ritgerð	3. ræða 1.5 mín (Íþróttagrein)
5. vika 14.-18. september	Word – inngangur, meginmál, lokaorð. Kynning á Turnitin.	
6. vika 21.-25. september	Vinna við ritgerð	4. ræða – upptaka 1.5 mín (Dýrategund)
7. vika 28. september-2. október	Excel	Excel skilaverkefni
8. vika 5.-9. október	Excel – framhald Stoðdagur Kynning á Power Point	Ritgerð skilað inn á Turnitin fyrir 5. október. Lokaskil á verkefnum frá fyrri hluta annar
9. vika 12.-16. október <i>Námsmatsdagur 12. okt.</i> <i>Miðannarmat 13. okt.</i>	Power Point – kynning á forritinu og hópaverkefni Kynningar á hópverkefni	Kynningar hópa
10. vika 19.-23. október <i>Vetrarleyfi 23. október</i>	Vísindaleg aðferð - kynningar	5. ræða 1,5 mín (Atvinnugrein)
11. vika 26.-30. Október <i>Vetrarleyfi 26. október</i>	Vinnumarkaðurinn Ferilskrá og kynningarbréf	
12. vika 2.-6. nóvember	Kvikmynd og kvikmyndagagnrýni	6. ræða 1,5 mín (Með og móti)
13. vika 9.-13. nóvember	Viðtal – podcast	7. ræða 2 mín (Efni að eigin vali)
14. vika 16.-20. nóvember	Rekstur á bíl – Padlet – Kynningar	
15. vika 23.-27. nóvember <i>Dimissio 27. nóvember</i>	Gervigreind Veggspjaldagerð	8. ræða lokaræða
16. vika 30. nóvember-4. desember	Uppsóp og stoðtímar	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Guðbjörg, Rósa og Ægir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja